

95.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 25.október 2018 kl. 16.30. Mættir: Hulda, Gry, Aron, Alex (gegnum tölvu), Þórunn, Guðbrandur og Erla.

Þetta gerðist:

### **Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.**

#### **Afreksmál**

Sambandinu hefur borist erindi frá Afrekssjóði þar sem tilkynnt er um breytingar á stöðu sambandsins. Ákveðið að svara bréfinu og biðja um fund með Afrekssjóð og fá nánari skýringar. Hulda sendir bréfið og ræðir við íþróttastjóra um stöðuna.

#### **Dómaramál**

Ákveðið að gera breytingar á skipan dómaranefndar. Sólveig H Sigurðardóttir verði formaður og með henni Helgi Hauksson og Sturlaugur Gunnarsson. Breytingin tekur þegar gildi. Stjórn þakkar fráfarandi nefnd hennar störfum.

#### **Styrkjámál**

Guðbrandur sagði frá vinnu við að afla styrktaraðila fyrir sambandið, en búið er að taka saman kynningarplagg. Guðbrandur heldur áfram með málið

#### **Formannafundur**

Ákveðið að boða til fundar með formönnum 25.nóvember nk. kl 15.00  
Gry boðar fundinn

#### **Reglugerðir og lagabreytingar**

Drög að breytingum á eftirfarandi liggja fyrir stjórn:  
Reglugerð um kraftlyftingakeppni  
Reglugerð um val á íþróttamanni ársins  
Reglugerð um úthlutun fjár til landsliðsmála og afreksstarfs  
Lög Kraftlyftingasambands Íslands

Stjórn gefur sér frest til 1.nóvember að ganga klára umfjöllun.

#### **Árþing IPF**

Farið var yfir helstu tillögur sem verða lagðar fyrir þingið og afstaða stjórnar skýrð. Gry verður fulltrúi KRAFT á þinginu.

Ekki fleira gert.  
Fundi slitið kl. 18.00  
Fundarritari: Gry Ek